

Menningar- og friðarsamtökin MFÍK



**Fréttabréf MFÍK
maí 2008**

Malaví

Opinn félagsfundur MFÍK verður
miðvikudaginn 21. maí kl. 19.00
í Friðarhúsi, Njálsgötu 87
(á horni Snorrabrautar).

**Eygló Bjarnardóttir segir frá Malaví,
einu fátækasta landi Afríku og sýnir
myndir úr ferð sinni þangað.**

Fundurinn hefst með léttum kvöldverði kl. 19.00.
Fjölmönnum og tókum með okkur gesti.

Allir velkomnir.

Friður og menning var yfirskrift baráttufundar í Ráðhúsi Reykjavíkur á alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti. Fundurinn tókst með miklum ágætum og var vel sóttur.

Ávarp formanns MFÍK í Ráðhúsi Reykjavíkur 8. mars 2008

Friður er ekki pólitík. Stríð eru það hins vegar. Frið er ekki hægt að boða að ofan, hvorki með tilskipuðu vopnahléi né hervaldi. Friður er samkomulag – við erum ólík, sættum okkur við það – sýnum hvert öðru virðingu.

Valdabarátta og græðgi hrinda af stað stríði og stríðum fylgja ofbeldi, vændi og eiturylf. Það eru mörg sálarmorð til viðbótar tölum um mannfall.

Í nútíma stríðsrekstri eru allt að 90% fórnarlamba óbreyttir borgarar. Fyrir brot af því fé sem eytt er í stríð mætti koma í veg fyrir ómældar hörmungar. Ástæðu daglegra þjáninga milljóna barna.

En hvað getum við gert? Við gætum kannski lokað augunum fyrir illum örlögum ókunnra barna? Nei, nærtæk aðferð gegn stríði og ofbeldi fyrir okkur sem búum fjarri átökum er sú alúð og umhyggja sem við sýnum börnum okkar. Börn byrja mjög ung að skynja ákveðið gildismat í umhverfi sínu. Vænleg leið til friðar er að tryggja honum sess í hugum og hegðun barna frá upphafi og opna augu þeirra fyrir gildi samhjálpar.

En þar er við ramman reip að draga. - Það skortir umræðu um frið og umburðarlyndi á heimilum og í skólum.

Hvernig er líka hægt að réttlæta fyrir börnum veru okkar í Afganistan? Þar sem í fyrra var framleitt, í skjóli friðargæslu, 93% heróíns í heiminum. Kannski erum við ekki nægilega stolt af þátttöku Íslands á þessum vettvangi til að ræða hana við börnin.

Stríðsleikföng, ofbeldisfullt sjónvarpsefni og - tölvuleikir innræta börnum að fólk skiptist í „þá góðu“ og „þá vondu“. Að stríð sé nokkurs konar leikur og réttlætishugmyndir, skynsemi og samræður séu tímafrekar og leiðinlegar ef hægt er að leysa málin með byssuskoti eða sprengju. Þetta viðhorf getur orðið yfirsterkara tilraunum foreldra til að kenna börnum að setja sig í annarra spor og þróa með sér sjálfstætt gildismat.

Fjöldi rannsókna á skammtímaáhrifum stríðsleikfanga á börn hafa verið gerðar og niðurstaðan er ávallt sú sama: stríðsleikföng gera börn árásargjörn og óróleg. Um langtímaáhrif er minna vitað. En sum árásargjörn og óróleg börn breytast í vansæla unglinga sem hafa jafnvel misst sína dýrmætustu eign – vonina - sem er fjöreggið hvernig sem allt veltist.

Á alþjóðaári friðarmenningar, árið 2000, skrifuðu fjölmargir undir yfirlýsingu UNESCO um friðarmenningu og afnám ofbeldis. Það varð engin kúvending í kjölfarið og líklega nokkuð til í því sem rithöfundurinn Tahar Ben Jelloun sagði þegar hann kom til Íslands í tilefni útgáfu bókarinnar *Kynþáttafordómar - hvað er það pabbi?* Hann sagðist hafa skrifað bókina vegna dóttur sinnar því það væri hægt að mennta börn en ekki fullorðna.

Það er hægt að kenna barni að ofbeldi sé aldrei lausn. Barn getur lært að setja sig í spor annarra og það er hægt að hjálpa börnum að rækta með sér samkennd og réttlæti. Þegar nægilega stórum hópi verður þetta eiginlegt mun ofbeldi á skólalóðinni minnka, ofbeldi á heimilum líka og vonandi að lokum á milli ríkja.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp utanríkisráðherra um varnarmál. Í stað þeirrar hernaðarhyggju væru það skýr skilaboð ef þau sem fara með umboð okkar á Alþingi ákvæðu að Ísland skuli vera alveg herlaust land. Það mundi marka sérstöðu þjóðar sem þá yrði hægt að kenna við frið.

Þessi fallega bók *Hvar?* eftir Guðrúnu Hannesdóttur (útg. Bjartur) hefur alla kosti góðrar fyrirsvefninnsögu. Í henni er ferðast með söguhetjunni Nönnu, venjulegum krakka sem sjónvarpsfréttirnar koma illa við, um ýmsa ævintýraheima í leit að réttlátri skiptingu auðæfa heims. Tuskudýrið Hallormur fylgir Nönnu á ferðalaginu og hann segir: „börn geta vel vandað sig við að verða gott fullorðið fólk og þegar nógu margir fullorðnir hjálpast að verður hægt að finna svarið. ... Það er aldrei að vita hvenær hópurinn er orðinn nógu stór. Kannski gerir þú og litla, heita hjartað þitt gæfumuninn!“

Stríð er mannanna verk og uppfinning –
friður getur verið það líka.

María S. Gunnarsdóttir

Félagsgjöld 2008

Almennt árgjald: kr. 2.500
Afsláttarágjald (námsmenn og eldri borgarar):
kr.1.500

Stuðningsárgjald: upphæð að eigin vali.

Reikningur MFÍK
nr. 526 - 26 - 484394
kennitala 610174 - 4189

Vinsamlegast greiðið árgjaldið.



Fréttir:

Stjórn MFÍK frá aðalfundi 30. janúar s.l. :

María S. Gunnarsdóttir, formaður
Bergþóra Gísladóttir, varaformaður
Anna Sigríður Hróðmarsdóttir, gjaldkeri
Ragnhildur Kjeld, ritari
Guðríður Sigurbjörnsdóttir, erlendur bréfritari

Meðstjórnendur:

Guðrún Hannesdóttir
Margrét Guðmundsdóttir
Magnea Björk Valdimarsdóttir

Varamenn:

Harpa Stefánsdóttir og Helga Pálsdóttir

Evrópskt Social Forum

Eins og fram hefur komið í fréttabréfi MFÍK verður Evrópskt Social Forum haldið í Malmö í Svíþjóð 17. – 21. september næstkomandi.

Við hvetjum félagamenn sem hafa áhuga á að taka þátt til að kynna sér heimasíðuna: <http://www.esf2008.org>

Hvað er framundan hjá MFÍK?

Verkefni fyrir friðarsinna eru næg.

Friðarhorfur í heiminum eru langtum minni en við vildum.
Kjarnorkuveldin fækka ekki vopnum, heldur verja auknum fjármunum til nýrra.
Svo er einnig með annan hergagnaiðnað.

Orðið friður hefur kannski heyrst oftast í umræðu á Íslandi s.l. ár en stundum áður.
Í kringum friðarsúlu og frægt fólk eða þegar einn af fyrrverandi borgarstjórum Reykjavíkur tilkynnti stofnun friðarstofnunar (hvað um hana varð er annað mál).
Það er af hinu góða að minnt sé sem oftast á frið en þetta hefur í engu breytt

starfi MFÍK, elstu starfandi friðarhreyfingar á Íslandi.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp ríkistjórnar um varnarmál. Þar er fjallað um ýmis stefnumál okkar friðarsinna svo sem aðstöðu erlendra hersveita og heræfingar hér á landi.

Sjaldan hefur klisjan um að Ísland sé herlaust land hljómað jafn oft en á sama tíma horfa ýmsir til landsins um möguleika til að prufa hernaðartól sín. Það er rétt að hér er ekki íslenskt herlið en landið hefur of oft verið notað til heræfinga og eina breyting sem hefur orðið er að virk þátttaka Íslands í hernaðar- bandalaginu NATO er að aukast. Þá bíða ýmsir NATO-herir eftir grænu ljósi til að mæta hér til svokallaðrar loftrýmisgæslu. Það er brýnt að allir friðarsinnar fylgist með þróuninni og láti í sér heyra.

Oft er spurt hvort kynna mætti MFÍK betur og hvernig orða skuli kjarnann í stefnu og starfi. Starfandi stjórn er sammála um að kjarni MFÍK sé **FRÍÐUR**.

Betri heimur er mögulegur – og við tökum þátt í að skapa hann!

Bjóðum fleirum að vera með!

**Ég óska eftir að gerast félagi í
Menningar- og friðarsamtökunum MFÍK:**

Nafn: _____

kennitala: _____

Heimilisfang: _____

Staður: _____ Póstnúmer: _____

sími: _____

netfang: _____

(Sendist í pósthólf 279, 121 Reykjavík)

Einnig er hægt að kynna sér félagið, skrá sig í það eða á póstlista þess á heimasíðu MFÍK:
<http://www.mfik.is>